

SKIPULAGSBREYTING

Tillaga að deiliskipulagsbreytingu við Hrauntungu 5, Hafnarfirði.

Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann 7.6.2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að deiliskipulagsbreytingu við lóðina að Hrauntungu 5 í samræmi við I. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Á fundi skipulags- og byggingarráðs þann 6.3.2018 var samþykkt að málsmeðferð tillögunar verði í samræmi við I. mgr. 43 gr. skipulagslaga 123/2010. Jafnframt að grenndarkynna skuli deiliskipulagstillöguna.

Breytingin felst í að: Hrauntungan verði hluti af skipulagssvæðinu íbúðabyggð Norðurbæjar. Mörk gildandi skipulags munu því færast að jaðar byggðar að Víðistaðatúni. Núverandi skipulagsreitur er stækkaður og gert er ráð fyrir 3 parhúsum á reitnum.

Tillögurnar ásamt fylgigögnum verða til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 og hjá Umhverfis- og skipulagsþjónustu að Norðurhelli 2, frá 19.03.2018–30.04.2018. Hægt er að skoða breytingartillögurnar ásamt fylgigögnum á vef Hafnarfjarðarbæjar www.hafnarfjordur.is. Nánari upplýsingar eru veittar hjá Umhverfis- og skipulagsþjónustu. Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 30. apríl 2018. Þeir sem eigi gera athugasemdir við breytinguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar. Skipulagsfulltrúi.

HAFNARFJARÐARBÆR
RÁÐHÚS HAFNARFJARÐAR
STRANDGÖTU 6

ÞJÓNUSTUVER
OPIÐ FRÁ KL. 8.00 – 16.00
ALLA VIRKA DAGA

585 5500
hafnarfjordur.is



HAFNARFJÖRÐUR